

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Poul La Cour prófessors, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Poul La Cour, prófessors.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Poul La Cour, prófessors, og er stofnaður af Indriða Helgasyni, rafvirkjameistara, Akureyri, í tilefni af 100 ára afmæli Askov-lýðháskóla. 16. nóvember 1965.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna nemendur í rafvirkjun og rafvélavirkjun við Iðnskólann á Akureyri fyrir góða frammistöðu í rafmagnsfræði, eigi síður í verklegu en bóklegu, og komi til umsögn meistara og kennara í rafmagnsfræði. Verðlaunin skulu veitt við brautskráningu úr skólanum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins nemur kr. 30 000.00, en sjóðurinn veitir þó viðtöku á ókomnum árum fjárframlögum þeirra, sem hann kynnu að vilja efla til framgangs iðnmenntunar og af hlýhug í garð Iðnskóla Akureyrar.

4. gr.

Eigi má veita fé úr sjóðnum nema þriðja hvert ár og þá í hæsta lagi sem svarar eins árs vöxtum sjóðsins. Annað vaxtafé skal leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti þrír menn: Skólastjóri Iðnskólans, rafveitustjórinn á Akureyri og formaður Iðnaðarmannafélags Akureyrar.

Stjórn sjóðsins annast bókhald hans og ávaxtar fé hans og tryggir það fyrir rýrnun, svo sem hún telur hagkvæmast á hverjum tíma.

6. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár um styrkveitingar úr sjóðnum má stjórnin breyta, ef nauðsynlegt þykir, en þó því aðeins, að allir stjórnarmeðlimirnir séu því samþykkir.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 16. nóvember 1965.